

FUNDARGERÐ

SKJALALYKILL	VERKHEITI	
7852-002-FUN-027-V01	Svæðisskipulag Suðurlandis 2022 - 2042	
DAGS. / TÍMI FUNDAR	VERKKAUPI	
27.02.2024	SASS	
NR. FUNDAR	FUNDAREFNI	
27	Afgreiðsla og gildistaka svæðisskipulagstillögu – yfirferð yfir Yfirferð yfir umsagnir við auglýsta tillögu og greinargerð Svæðisskipulags ásamt fylgiritum, umhverfismatskýrslu og landslagsgreiningu	
FUNDARGERÐ	FUNDARBOÐARI	FUNDARSTAÐUR
27.02.2024 HRB	SASS	Fjarfundur
FUNDARFÓLK	SVEITARFÉLAG / FYRIRTÆKI	
Ísleifur Jónasson	Ásahreppur	
Helgi Kjartansson, Guðrún S. Magnúsdóttir	Bláskógabyggð	
Björn Kristinn Pálmarsson, Smári Kolbeinsson	Grímsnes- og Grafningsshr.	
Daði Geir Samúelsson, Jón Bjarnason	Hrunamannahreppur	
Elín Heiða Valsdóttir, Jóhannes Gissurarson	Skaftárhreppur	
Anton Kári Halldórsson, Þóra Björg Ragnarsdóttir	Rangárþing eystra	
Gunnar Aron Ólafsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson	Rangárþing ytra	
Einar Freyr Elínarson	Mýrdalshreppur	
Vigfús Þór Hróbjartsson	UTU	
Haraldur Birgir Haraldsson	Rangárþing ytra	
Rúnar Guðmundsson	Sveitarfélagið Árborg	
Haraldur Þór Jónsson	Skeiða- og Gnúpverjahreppi	
Hrafnhildur Brynjólfsdóttir, Gísli Gíslason	Verkfræðistofan EFLA	
Bjarni Guðmundsson	SASS	
Dreifing	Fyrirtæki	
Bjarni Guðmundsson	SASS	
Fundarskjöl	Næsti fundur	
Tillaga að svæðisskipulagi Suðurlandis með fylgiritum; umhverfismatskýrslu og skýrslu um landslagsgreiningu. Minnisblað með samantekt umsagna og tillögur að viðbrögðum við þeim.	Ekki dagsettur	

Dagskrá og efni fundar

Engar athugasemdir hafa borist við fundargerð 26. fundar og telst hún samþykkt.

1. Viðbrögð við umsögnum við auglýsta tillögu.

Farið var yfir skjal þar sem umsagnir og athugasemdir eru flokkaðar og tillögur að viðbrögðum nefndarinnar við þeim. Svæðisskipulagsnefnd samþykkir umfjöllun í skjalinu en í því tekur nefndin afstöðu til athugasemda sem hafa borist og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni, í samræmi við 25. gr skipulagslaga. Í skjalinu er tekin afstaða til þeirra athugasemda sem hafa borist til dagsins í dag eftir að auglýsingatíma lauk og fylgir það fundargerð þessari.

2. Afgreiðsla og gildistaka svæðisskipulag

Fyrir fundinum lágu eftirtalin uppfærð gögn eftir yfirferð í kjölfar auglýsingar svæðisskipulagstillögu skv. 24. gr skipulagslaga.

- Svæðisskipulag Suðurlandis 2022-2042, greinargerð. Tillaga til auglýsingar dags 05.05.2023, uppfærð 27.02.24.
- Fylgirit svæðisskipulagsins:
 - Svæðisskipulag Suðurlandis 2022-2042. Forsendur og umhverfismatskýrsla. Tillaga í auglýsingu, dags. 05.05.2023, uppfærð 27.02.2024.
 - Svæðisskipulag Suðurlandis 2022-2042. Landslagsgreining og mat á verndargildi, dags 05.05.2023
- Minnisblað með yfirferð svæðisskipulagsnefndar á umsögn Skipulagsstofnunar, dags 27.02.2024.

Svæðisskipulagsnefnd hefur yfirfarið athugasemda sem hafa borist og gert breytingar á gögnum svæðisskipulagsins í kjölfar þeirra.

Svæðisskipulagsnefnd samþykkir uppfærð gögn og minnisblað (sjá viðauka við fundargerð) með viðbrögðum við athugasemdum.

Svæðisskipulagsnefnd samþykkir að tillagan og fylgigögn hennar verði send til hlutaðeigandi sveitarstjórna ásamt athugasemdum og umsögn nefndarinnar um þær. Skv. 2. mgr. 25. gr. skipulagslaga skulu sveitarstjórnir innan sex vikna senda svæðisskipulagsnefndinni afgreiðslur sínar. Svæðisskipulagsnefnd leggur til að sveitarstjórnir Skaftárhrepps, Mýrdalshrepps, Rangárþings eystra, Rangárþings ytra, Ásahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Hrunamannahrepps, Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps, Flóahrepps og Árborgar samþykki svæðisskipulagstillöguna með þeim lagfæringum sem gerðar hafa verið í kjölfar auglýsingar hennar.

Þegar svæðisskipulagið hefur verið samþykkt að öllu leyti eða að hluta sendir svæðisskipulagsnefnd tillögu sína að svæðisskipulagi til Skipulagsstofnunar ásamt athugasemdum og umsögnum svæðisskipulagsnefndar um þær. Jafnframt skal svæðisskipulagsnefnd auglýsa niðurstöðu sína og senda þeim aðilum sem gerðu athugasemdir umsögn sína um þær. Skipulagsstofnun skal innan fjögurra vikna frá því að tillaga að svæðisskipulagi barst henni staðfesta svæðisskipulagstillöguna og auglýsa hana í B-deild Stjórnartíðinda, og tekur svæðisskipulag þá gildi.

Svæðisskipulagsnefnd þakkar sendendum umsagna kærlega fyrir ábendingar sem borist hafa á meðan tillaga svæðisskipulagi fyrir Suðurlandið hefur verið til kynningar og auglýsingar.